

um félagsráðgjöf.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Rétt til að stunda félagsráðgjöf hér á landi og kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. grein má aðeins veita þeim, sem lokið hefur prófi frá félagsráðgjafaskóla, sem viðurkenndur er af heilbrigðisyfirvöldum að fenginni umsögn Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

3. gr.

Tarkmarkað og/eða tímabundið starfsleyfi má einnig veita þeim, sem eru í starfi, þegar lög þessi öðlast gildi en uppfylla ekki skilyrði 2. greinar. Slikt leyfi má því aðeins veita, að fyrir liggi meðmæli Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa. Slíku leyfi fylgir ekki réttur til að kallast félagsráðgjafi.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til félagsráðgjafastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa, skv. 2. grein með þeim undantekningum, sem leiðir af ákvæðum 3. greinar.

5. gr.

Félagsráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.

6. gr.

Um félagsráðgjafa gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80 23. júní 1969 með áorðnum breytingum.

Reglur læknalaga gilda m. a. um viðurlög við brotum í starfi félagsráðgjafa, um sviptingu löggildingar þeirra og endurveitingu starfsréttinda.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það um félagsráðgjöf, sem hér er lagt fram, er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu eftir itrekaðri ósk Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa.

Stéttarfélag ísl. félagsráðgjafa var stofnað 19. febr. 1964 og í því eru nú tæplega 20 meðlimir. Við nám í félagsráðgjöf eru svo eitthvað í kringum 20 nemar, þannig að líkur eru til að verulega fjölgi í stéttinni á næstunni.

Nám í félagsráðgjöf hefur hingað til ekki verið unnt að stunda á Íslandi heldur hefur aðallega verið sótt til Norðurlandanna í því skyni, en síðan á miðju ári 1971, hefur verið starfandi nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins, sem hefur unnið að undirbúningi sérstakrar námsbrautar við Háskóla Íslands og þá líklega við þjóðfélagsfræðideild skólans.

Félagsráðgjafaskólar eru ýmist stofnanir, sérháskólar eða í tengslum við háskóla, og er þeim ætlað að veita nemendum sínum fræðilega menntun á háskólastigi og hagnýta starfsmenntun. Námstilhögun er með líku sniði í skólunum á Norðurlöndum og er námstíminn þar  $3\frac{1}{2}$  ár miðað við allt árið. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða a. m. k. stúdentspróf í ákveðnum námsgreinum. Lágmarksaldur við inntöku í skólann er 19 ár og tekið er tillit til starfsreynslu umsækjanda.

Námið skiptist í verklegt og bóklegt nám og nær bóklega námið yfir um það bil  $\frac{2}{3}$  hluta af námstímanum eða  $2\frac{1}{2}$  ár.

Eftirfarandi námsgreinar eru kenndar:

- 1) Lögfræði: félagsmálalöggjöf, persónu-, sifja- og erfðaréttur, refsilöggjöf, réttarfar og fleira.
- 2) Stjórnlagfræði: Um stjórnarfar, stjórnlæg landsins og sveitarstjórnarmál, saga stjórnmalastefna.
- 3) Þjóðhagfræði ásamt félagsmálafræðum: Undirstöðuatriði í hagfræði, félagsmál, þróun þeirra og framtíðaráætlanir.
- 4) Félagsfræði: Almenn félagsfræði, félagssálarfræði, félagsfræðirannsóknir, sakfræði og undirstöðuhugtök tölfræði.
- 5) Sálarfræði: Almenn sálarfræði, barnasálarfræði, skólasálarfræði, klínísk sálarfræði, félagslækningar og gæðlæknisfræði.
- 6) Vinnusálarfræði: Samtalsmeðferð einstaklinga og hópa, viðtalstækni, skýrslugerð og fleira.

Verklega námið tekur yfir eins árs tímabil og er það við suma skóla 1 ár samflevtt. en við aðra er náminu skipt í 2 hálf árs tímabil með bóklegu námi á milli. Námið fer fram á ýmsum stofnunum hið félagsins þar sem félagsráðgjafar eru í starfi og er nemandi þar undir handleiðslu kennslu-félagsráðgjafa.

Starfssvið félagsráðgjafa er mjög víðtækt og nær yfir bæði fyrirbyggjandi og endurhæfandi starfsemi. Flestir þeirra vinna á opinberum stofnunum, svo sem félagsmálafastofnunum, siúkrahúsum, heilsuhælum, heilsuverndarstöðvum, gæðverndarstöðvum, endurhæfingarstöðvum, tryggingastofnunum almannatrygginga, í skólum, við fangahjálp, við fjölskylduráðgjöf og fleira. Erlendis er það einnig algengt að stór einkafyrirtæki hafi félagsráðgjafa í sinni þjónustu í sambandi við starfsmannahald.

Hinn 29. júní 1967 samþykkti Evrópuráðið ályktun um félagsráðgjafa, hlutverk þeirra og menntun og stöðu í þjóðfélaginu. Varðandi stöðu félagsráðgjafa segir í ályktun þessari m. a. svo:

„Taking for granted that social workers should have a status that is in accordance with their professional responsibilities, the following recommendations are made: Where the need arises, and as far as practicable, measures should be taken to protect the respective titles of professionally trained social workers in their respective countries.“

Það er mat heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, að svo sé komið hér á landi, að þörf sé fyrir lögverndun, bæði á starfa og starfsheiti félagsráðgjafa og því beri að fara eftir þeim tilmælum, sem í ofangreindri ályktun felast.

Það er enn fremur mat ráðuneytisins, að með tilliti til þess hversu mikill hluti félagsráðgjafastéttarinnar starfar að einhverju leyti á vegum heilbrigðisstofnana eða að heilbrigðismálum almennt, verði það að teljast eðlilegt að heilbrigðisráðuneytið hafi forgöngu um að koma slíkri lögverndun á.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með þessari grein er fallist á þá skoðun Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa, að félagsráðgjafastarf sé fyrst og fremst á sviði heilbrigðisþjónustu, og því sé eðlilegt að flokka félagsráðgjafa með heilbrigðisstéttum.

Grein þessi er því efnislega samhljóða samsvarandi greinum í lögum um aðrar heilbrigðisstéttir eins og t. d. læknaögum, tannlæknaögum, hjúkrunarlögum og lögum og reglugerðum um sjúkraliða, meinatækna, röntgentækna og fl.

Um heitið félagsráðgjafi er það annars að segja, að það er nýleg smíð úr fornun efnivið, samsett úr tveimur orðum, *félag* og *ráðgjafi*, sem eru hvort um sig samsett orð. Samsetningin *félagsráðgjafi* er mynduð í samræmi við þá meginreglu, að fyrri liður samsetningarinnar er hafður í eignarfalli, þegar hann er sjálfur samsett orð.

Heiti þessu virðist hafa verið mjög vel tekið og það sýnist þegar hafa unnið sér sess í þessari merkingu í nútímamáli.

Um 2. gr.

Þar til hafin hefur verið kennsla í félagsráðgjöf hér á landi, við Háskóla Íslands, er nauðsynlegt að Stéttarfélag ísl. félagsráðgjafa segi til um gæði þeirrar menntunar, sem veitt er í þeim félagsráðgjafaskólum, sem heilbrigðisyfirvöldum eru ekki þegar kunnir.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um réttindi þeirra, sem við gildistöku laganna eru í starfi, sem að einhverju leyti teldist eðlilegast að félagsráðgjafar gegndu. Er gert ráð fyrir því, að ráðherra verði heimilað, að fengnum meðmælum Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa, að veita slíku fólki takmarkað eða tímabundið starfsleyfi án þess að því fylgi réttur til að kallast félagsráðgjafar.

Takmörkun slíks leyfis gæti m. a. lýst sér í því, að viðkomandi fengi leyfi til að gegna ákveðnu tilteknu starfi, sem einskonar félagsráðgjafi, en öðru starfi ekki. Tímabundið starfsleyfi gæti t. d. kveðið svo á, að viðkomandi hefði leyfi til að gegna ákveðnu tilteknu starfi, uns félagsráðgjafi fengist til að taka við því starfi. Meðmæli Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa gætu þá verið háð því skilyrði að það sannaðist með auglýsingu, að ekki fengist fullgildur félagsráðgjafi til starfans.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.